



Verkefningafélag Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1 - 3
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkefningafélags Íslands (VFÍ) um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030, 1. útgáfa.

Inngangur

Aðgerðaáætlun í Loftslagsmálum 2018-2030 var auglýst til umsagnar á Samráðsgátt þann 10. september sl. Verkefningafélag Íslands (VFÍ) þakkar fyrir að fá tækifæri til skila umsögn og gerir hér athugasemdir við áætlunina og leggur fram ábendingar um útfærslur tillagna.

Markmið og ráðstöfun fjármagns

Fyrsta sem vekur athygli er hvar áherslan liggur í áætluninni, en það endurspeglast í því hvert fjármagnið rennur. Alls verður um 6,8 milljörðum varið í að fylgja verkefninu eftir á tímabilinu 2019 – 2023. Þar af verður um 4 milljörðum varið til kolefnisbindingar á næstu fimm árum, um 1,5 milljarði króna til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi. um 500 milljónum króna til nýsköpunar vegna loftslagsmála í gegnum Loftslagssjóð og um 800 milljónum króna í margvíslegar aðgerðir, svo sem rannsóknir á súrnun sjávar og aðlögun að loftslagsbreytingum, bætt kolefnisbókhald, alþjóðlegt starf og fræðslu.

Í áætluninni segir að aðgerðaáætlunin sé hugsuð sem leiðarvísir þannig að hægt verði að standa við næsta stóra áfanga í loftslagsmálum: Markmið Parísarsamningsins til 2030. Einnig kemur fram að brennsla jarðefnaeldsneytis, losun frá iðnaðarferlum, landbúnaður og meðferð úrgangs eru veigamestu þættirnir í losun sem fellur undir Parísarsamkomulagið, oft kallað „losun án landnotkunar“. Losun og kolefnisbinding tengd landnotkun eru metin sérstaklega í alþjóðlegu losunarbókhaldi og skuldbindingum. Í núverandi reglum Evrópusambandsins er ekki hægt að færa loftslagsávinning vegna aðgerða í landnotkun til tekna á móti losun í öðrum geirum, nema að mjög takmörkuðu leyti. Breytinga er að vænta en líklega verður þak á mögulegum ávinningi sem væri hægt að bókfæra á móti losun í öðrum geirum u.þ.b. 45.000 tonn á ári, sem er u.þ.b. 1% af bókfærðri losun Íslands, án landnotkunar.

Af þessu má sjá að ekki fer saman markmið áætlunarinnar og úthlutun fjármagns. Meira en helmingi fjármagnsins er ráðstafað í verkefni sem leggja lítið til þess að Ísland nái markmiði Parísarsamkomulagsins. Ef stjórnvöld ætla að setja fókusinn á Parísarsamkomulagið ætti stærri hluti að renna til verkefna sem stuðla að minni losun á þeim sviðum sem undir það falla. Ekki er gert lítið úr aðgerðum sem stuðla að minni losun vegna landnotkunar og tekið er undir að Ísland getur lagt mikið fram á heimsvísu í rannsóknum og þróun á því sviði. Félagið telur hins vegar að endurskoða ætti úthlutun fjármagnsins og verður nánar vikið að vissum þáttum síðar.

Nýsköpun, þróun og Loftslagssjóður

VFÍ telur að í áætlunina skorti skýrari sýn og meiri metnað í því hvernig eigi að virkja atvinnulíf og efla nýsköpun í loftslagsvænni tækni. Nýsköpun og þróun loftslagsvænnar tækni er lykilatriði til að heimsbyggðin geti náð markmiðum um minni losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og segir í áætluninni: „Mörg ríki hafa gripið til mjög metnaðarfullra aðgerða til að draga úr losun og ýta undir loftslagsvæna nýsköpun. Vaxandi skilningur er á að mikill samdráttur í losun er nauðsynlegur til að afstýra geigvænlegum og óviðráðanlegum loftslagsbreytingum – og getur jafnframt farið saman við mörg jákvæð samfélagsmarkmið, s.s. að draga úr heilsuspillandi loftmengun og auðlindasóun og skapa samkeppnisforskot á sviði grænna tæknilausna.“

Þegar horft er á hvert fjármagnið sem fylgir áætluninni rennur, má segja að nýsköpun og græn tækni hafi orðið útundan. Það er miður því löndin í kringum okkur hafa einmitt lagt mikla áherslu á þennan þátt. Sem dæmi hafa Danir náð miklum árangri í að byggja upp fyrirtæki á sviði grænnar tækni og opinberir sjóðir styrkja markvisst við slík verkefni. Þannig er áhersla á að ná árangri í loftslagsmálum á sem hagkvæmastan hátt og með aðgerðum sem skila öðrum jákvæðum ávinningi.

VFÍ fagnar því að Loftslagssjóður muni loks taka til starfa. Sjóðurinn var settur á samkvæmt lögum árið 2012 en hefur enn ekki fengið fjármagn. VFÍ telur að setja ætti mun meira fé í Loftslagssjóð. Sjóður sem úthlutar 50 -100 milljónum á ári er ekki burðugur. Til samanburðar má nefna að Tækniþróunarsjóður úthlutar um 2,3 milljörðum árlega og AVS - Rannsóknarsjóður í sjávarútvegi úthlutaði 238 milljónum 2017, en AVS var mun öflugri í upphafi.

Með eflingu Loftslagssjóðs, rannsókna og þróunar á loftslagsvænni tækni, næst varanlegur árangur í losun og um leið skapast atvinnutækifæri í fyrirtækjum sem byggjast upp. Fjöldmörg góð dæmi eru um verkefni sem hafa náð flugi. Losun sjávarútvegs hefur minnkað umtalsvert á undanförunum árum og má þakka þann árangur m.a. tækniþróun íslenskra fyrirtækja sem hanna og selja lausnir í skip framtíðar. Ótal önnur dæmi eru einnig til frá fiskvinnslum, þróun á vörum úr aukaafurðum, umbúðahönnun, hönnun bygginga og neytendavöru.

Huga þarf vel að skipulagi og vistun Loftslagssjóðs því umsýslukostnaður við rekstur rannsóknarsjóða er þó nokkur. Sem dæmi má nefna umsýslukostnaður AVS sjóðsins var um 20 milljónir árið 2016, þegar sjóðurinn hafði verið rekinn í 13 ár og því þegar verið kostað til innviða. VFÍ telur því ráðlegt að Loftslagssjóður verði vistaður hjá Rannís, sem er með innviði til að taka við verkefninu og getur auk þess tryggt hlutleysi. Mikil samlegð felst í því að reka starfsemi af þessu tagi saman en ekki byggja upp í ólíkum stjórnslueiningum sem sinna öðrum verkefnum að öllu jöfnu.

Orkuskipti

VFÍ fagnar áherslu á orkuskipti í áætluninni. Eins og sjá má af myndum á síðu 11 í aðgerðaáætlun er meginverkefnið, varðandi alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, að minnka notkun jarðefnaeldsneytis. Vel er að stjórnvöld styðji við uppbyggingu innviða fyrir rafbíla og aðra vistvænar bifreiðar, stuðli að hraðari orkuskiptum með ívilnunum og aðlagi löggjöf að breyttu umhverfi, t.d. varðandi byggingar, skipulag og bifreiðar. Til að þessi svo umfangsmikil tækniþreyting geti orðið þurfa margir aðilar að stilla strengi sína saman.

Til að áætlunin geti orðið að veruleika þarf þó fleira til. Metnaðarfull áætlun er sett fram um innviði fyrir rafbíla en finna þarf leiðir til að koma rafmagni til notenda. Til að það geti orðið þarf að styrkja innviði fyrir raforkuflutninga. Því þarf að fylgja áætluninni eftir með aðgerðum sem stuðla að bættum innviðum orkuflutninga en mikil þörf er á úrbótum víða um land.

Æskilegt væri að áætlun stjórnvalda einblíni ekki á tilteknar tæknilausnir því verkefnin mætti í sumum tilfellum leysa á annan hátt en blasir við í fyrstu. Áætlunin er sett til langs tíma og varhugavert er að einblína um of á verkefni og lausnir dagsins í dag. Með því að einblína á tilteknar tæknilausnir svo snemma í ferlinu getum við misst af betri kostum. Sem dæmi gæti verið heppilegra að nota aðra endurnýjanlega orkugjafa en raforku við orkuskipti í höfnum og mætti t.d. nota íslenskt metanól þar sem ekki eru styrkir raforkuinnviðir til staðar. Í samgöngum geta aðrar tæknilausnir en rafbílar verið heppilegri í vissum tilfellum, t.d. fyrir stærri atvinnutæki.

Huga þarf sérstaklega að orkuskiptum í stærri bifreiðum og atvinnutækjum og gæta að því að skattlagning á eldsneyti falli ekki á aðila sem síður eiga möguleika á að fara yfir í aðra orkugjafa. Kallað er eftir sérstakri greiningu á þessum þætti og skýrari framtíðarsýn á þennan þátt orkuskipta.

Úrgangur og endurvinnsla

Úrgangur er vaxandi hluti af losun frá Íslandi og framundan er átak í að ná betri tókum á þeim málaflokki. Mörg vel heppnuð dæmi eru um nýtingu úrgangs til lífdísselframleiðslu eða nýsköpunar þar sem efni sem áður var hent er nýtt í framleiðsluvörur. Slíkt gerist ekki af sjálfu sér og gjarnan kemur til fé úr rannsóknarsjóðum. Hér gæti Loftslagssjóður komið sterkur inn en vöntun er á sjóði sem hægt er að leita í með verkefni af þessu tagi. Eðli verkefna, þar sem unnið er með úrgang, er þannig að til þarf að koma samstarf margra aðila og þau unnin á samfélagslegum forsendum ekki síður en viðskiptalegum. Því getur opinber sjóður skipt sköpum til að koma slíkum verkefnum í gang.

Samþætting við aðrar áætlanir

Loftslagmál þurfa að vera samþætt öðrum áætlunum stjórnvalda. Vísað er til umsagnar VFÍ um umhverfismat samgönguáætlunar í ágúst sl. Þar er bent á að mikilvægt sé að stutt verði við framkvæmdir sem taka mið af því að innviðir eins og vegakerfið verði byggt þannig upp að það mæti kröfum samfélagsins eins og þær eru á hverjum tíma, m.a. varðandi loftslagsmál. Einnig er orkustefna í vinnslu og þarf þar að huga að uppbyggingu innviða til að styðja við orkuskipti og breytta orkunotkun framtíðar, í samræmi við orkuspá.

Fræðslumál

Í aðgerðaáætluninni er fjallað um fræðslu í skólum. Verkfræðingafélagið hefur unnið með Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Þar hefur verið byggt upp samstarf háskóla og grunnskóla og nemendur fá að kynnast vísindum á nýjan hátt. Sömuleiðis hafa skólar og fyrirtæki tekið höndum saman um að efla kennslu í raungreinum og tækni, t.d. í GERT verkefninu. Mikil tækifæri eru í að virkja, í gengum verkefni af þessu tagi, mannauð fyrirtækja þar sem mikil þekking á loftslagsmálum er fyrir hendi. Í skýrslunni er eingöngu talað um að frjáls félagasamtök sinni þessum þætti en VFÍ óskar eftir að háskólar og fyrirtæki verði virkjuð á markvissari hátt í fræðslu um loftslagsmál. VFÍ er tilbúið til að taka þátt í að útfæra slíkar hugmyndir.

Reykjavík 17. október 2018.

Fyrir hönd stjórnar Verkfræðingafélags Íslands.

Páll Gíslason

Páll Gíslason, formaður.